

Málfundur um öryggismál sjómanna

Reyðarfjörður

Fundur haldinn 13. nóvember kl. 16:00 í safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju. Fundarstjóri var Freysteinn Bjarnason útgerðarstjóri.

Staðkunnugur einstaklingur:

Fundarstjóri las upp erindi Tómasar Kárasonar stýrimanns.

Björgunartæki Landhelgisgæslunnar

Fram kom að menn eru orðnir langeygir eftir nýju gæsluskipi en jákvætt væri að von væri á nýjum björgunarbát SL á Neskaupsstað eftir næstu áramót.

Spurt var hvort útgerð geti fengið meldingu frá skipi um staðsetningu gegnum fjareftirlitskerfið. Fram kom að það væri ekki heimilt.

Menntun og þjálfun sjómanna

Fram kom hjá heimamönnum að þeir vildu sjá Slysavarnaskóla sjómanna meira í landshlutanum. Einnig lýstu þeir yfir vonbrigðum með að grunnnámskeiðið sé ekki haldið út á landi eins og endurmenntunarnámskeiðin. Það er ósk þeirra að skipið fari einu sinni á ári um landið og að skólinn sé á hverjum stað þann tíma sem þarf hverju sinni. Fram kom að það væri vandkvæðum bundið að fara með grunnnámskeiðið frá höfuðborgarsvæðinu tam vegna þess að fullnægjandi aðstaða til kennslu í reykköfun væri ekki til staðar annarsstaðar en það væri óskandi að svo væri.

Tillögur komu fram þess efnis að Slysavarnaskóli sjómanna starfaði á landsbyggðinni í samstarfi við Brunamálastofnun sem færi um landið með reykköfunargáma og þjálfaði slökkviliðsmenn á stöðunum. Fram kom að Brunamálastofnun er að þjálfa slökkviliðsmennina í reykköfun við önnur skilyrði en krafist er að sjómenn fái þjálfun í s.s. yfirtendrun.

Umræða var um kröfu um að sjómenn fari á öryggisfræðslunámskeið til að fá lögskráningu á skip. Fram kom að krafan væri ekki ný og að reglurnar hafa verið í gildi í 7 ár.

Fram kom að taka þurfi á ýmsum fræðslumálum t.d. varðandi nýliða til sjós þ.e.a.s. að þeir fái tilskilda fræðslu um borð.

Búnaður skipa

Spurt var afhverju ekki væri skylda að hafa slökkvigalla í öllum skipum. Fram kom að í reglum 26/2000 um öryggi fiskiskips er gerð krafa um slökkvibúninga í nýjum skipum en ekki í gömlum skipum. Bent var á að reglurnar séu lágmarkskröfur og að ekkert banni útgerð að kaupa meiri búnað en þær segja til um.

Gagnrýnt var að svo virtist vera að ekki væru til reglur um frágang léttbáta um borð í skipum og að í sumum skipum er ætlast til að nótaleggjari sé notaður við sjósetningu bátsins. Fram kom að ekki væru til reglur um þetta nema fyrir “ný” fiskiskip í reglugerð 26/2000.

Eftirlit með skipum/skipaskoðun

Sagt var að andóf væri talsvert gegn breytingum á skipaskoðuninni. Flokkunarfélögin gætu þó séð um skoðun öryggisbúnaðar í stærri skipum en breytingin gæti verið erfið fyrir smábátana.

Annað

Umræða var um veðurupplýsingar og upplýsingakerfi um veður og sjólag. Sagt var að ölduspá Siglingastofnunar væri mikið framfaramál og að stofnunin eigi mikið hrós skilið fyrir upplýsingakerfið, en starfsmenn hennar eru ekki nógu fljótir að koma þegar eitthvað bilar í kerfinu. Lagt var til að hugað verði að því að hafa veðurupplýsingar af heiðum inn á vef Siglingastofnunar. Bent var á að símsvarinn fyrir upplýsingar um veður og sjólag væri mikið notaður og að nota þurfi þessa tækni sem til er sem mest til að koma upplýsingum á framfæri.

Rætt var um hættumat um borð í skipunum. Fram kom að áhöfnin getur gert það í samvinnu við útgerð og að vinnan við það sé tiltölulega auðveld.